

leiðis á málskostnaðarákvæði hans, en eftir úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Þórarinn Gunnarsson greiði hinum stefndu, Thor Jensen og Eggert Claessen f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. dag. desembermán.

Nr. 53/1911:

Einar Arnórsson

gegn

Einari M. Jónassyni.

Dómur:

Eftir kröfu áfrýjanda, Einars Arnórssonar háskólakennara, gjörði bæjarfógetinn í Reykjavík fjárnám 23. ág. þ. á. í $\frac{1}{8}$ hluta Nýjatúns, eign stefnda Einars M. Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns fyrir 1260 kr. skuld með 6% vöxtum frá 10. maí þ. á. samkvæmt veðskuldaþréfi dags. þann dag. Þessari fjárnámsgjörð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. okt. þ.

á. og krafist staðfestingar á henni og málskostnaðar að skaðlausu hjá stefnda.

Stefndi hefir krafist frests til að gagnáfrýja málinu, en áfrýjandi mótmælt því, með því að stefndi hafi haft nægan tíma til gagnáfrýjunar, og er málið þannig lagt undir úrskurð réttarins eða dóm.

Stefndi hefir tvisvar áður tekið út áfrýjunarstefnu í máli þessu, en lagt hvoruga þeirra fyrir yfirdóminn og hefir því málskotið fallið niður í bæði skiftin. Afryjandi hafði því eðlilega ástæðu til að leita staðfestingardóms á fjárnámsgjörðinni. Staðfestingarstefnan var birt stefnda 1. f. m. með fast að þriggja vikna fyrirvara, og er það nægur frestur til gagnáfrýjunar, en í stað þess tók stefndi út þriðju aðaláfrýjunarstefnu í málinu nefndan dag. Með því að stefndi þannig hefir sýnt viðleitni til að tefja málið og með því að hann, eins og nú var sagt, hefir haft nægan tíma til gagnáfrýjunar, verður krafa hans um frest í þessu skyni eigi tekin til greina gegn mótmælum áfrýjanda.

Það ber því nú að leggja dóm á efni málsins, og með því að framangreint veðskuldabréf 10. maí þ. á. fullnægir fyrir mælum laga 16. des. 1885 í 15. gr. um fjárnám eftir veðskuldabréfum án undanfarins dóms eða sáttar, ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfesting fjárnámsgjörðarinnar.

Eftir málavöxtum þykir það og rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð skal óraskað. Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda Einari Arnórs-syni 15 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. dag desembermán.

Nr. 55/1911:

Réttvísinn

gegn

Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem skotið er til yfirdómsins af réttvísinnar hálfu, var ákærði, Jón Jónsson Þurrabúðarmaður á Seyðisfirði, dæmdur í aukarétti nefnds kaupstaðar 4. ágúst þ. á. fyrir sífjaspell samkvæmt 163. gr. sbr. 41. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun 5 kr. til talsmanns síns Stefáns Th. Jónssonar konsúls.

Ákærði er fæddur 23. apríl 1878 og kvæntist fyrir nálægt 10 árum Gróu Jónsdóttur ekkju, þá 42 ára gamalli; hafa þau eigi átt börn saman, en dóttir Gróu af fyrra hjónabandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, fædd 3. ágúst 1888, hefir lengst af dvalið hjá þeim síðan þau giftust. Það er nú með játningu þeirra ákærða og Ingibjargar